

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 295/2021

2024/EES/19/18

frá 29. október 2021

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1099 frá 5. júlí 2021 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009) í XVI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32021 R 1099:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1099 frá 5. júlí 2021 (Stjtið. ESB L 238, 6.7.2021, bls. 29).“

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2021/1099, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. október 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. október 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 238, 6.7.2021, bls. 29.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.